

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

#### *Tunguvegur 19.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 16. nóvember 2016, breytingu á deiliskipulagi vegna lóðar nr. 19 við Tunguveg. Í breytingunni felst að heimilað er að innrétta nýja íbúð (baka til) og kaffihús (meðfram götuhlið) á 1. hæð hússins auk gistirýmis til útleigu ferðamanna á 1. hæð í bílskúr ásamt hækkun á þaki hússins með kvisti. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Fossaleynir 1, Egilshöll.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 2. nóvember 2016, breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 1 við Fossaleyni, Egilshöll. Sótt var um breytingu á byggingarreitum og byggingarmagni á reitum D og H. Vegna hugmynda um stærra handboltahús er sótt um leyfi til að breyta lögun byggingarreits H og auka byggingarmagn um 3.000 m<sup>2</sup> og um leyfi til að færa byggingarreit D fyrir bílgeymsluhús, til suðurs á lóð. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Laugavegur 73 og Hverfisgata 92.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 28. október 2016, vegna lóðanna nr. 73 við Laugaveg og 92-96 við Hverfisgötu. Í breytingunni felst m.a. að lóð Laugavegar 73 er stækkuð, byggingarmagn aukið og íbúðum fjölgað, lóð Hverfisgötu 92 er minnkuð og bílakjallari stækkaður að lóðarmörkum. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Háskóli Íslands, Vísindagarðar.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 10. nóvember 2016, breytingu á deiliskipulagi fyrir Vísindagarða. Breytingin felur í sér breytingu á byggingarmagni og nýtingarhlutfalli. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Sóleyjarími 67-81.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 17. nóvember 2016, breytingu á deiliskipulagi Sóleyjaríma 67-81 vegna húss nr. 81 skv. uppdrætti VSÓ ráðgjafa frá 20. júní 2016. Í breytingunni felst stækkun lóðar. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 18. nóvember 2016.*

**Björn Axelsson.**